IS

Hjartadrottning
Sóley Ragnarsdóttir
13.04.-21.07.2024

Ef það er mannlegt að setja eitthvað sem þig langar í, vegna þess að það er gagnlegt, ætilegt eða fallegt, í poka eða körfu, eða í svolítið af upprúlluðum berki eða laufi, eða net sem er ofið úr þínu eigin hári, eða hvað sem er, og taka það svo með þér heim, heim verandi önnur, stærri gerð af pyngju eða poka, ílát fyrir fólk, og svo síðar tekurðu það fram og borðar það eða deilir því eða geymir það fyrir veturinn í traustara íláti eða setur það í lyfja-vöndulinn eða skrínið eða safnið, hinn helga stað, staðinn sem inniheldur það sem er heilagt, og svo næsta dag gerirðu líklega það sama aftur - ef það er mannlegt, ef það þarf til, þá er ég manneskja eftir allt saman. Að fullu, frjálslega, fúslega, í fyrsta skipti.

Ursula K. Le Guin, "The Carrier Bag Theory of Fiction" (1986)

Á sýningunni birtist ofurskrautlegur heimur dönsk-íslensku myndlistarkonunnar Sóleyjar Ragnarsdóttur (f. 1991). Hún býr og starfar á norðvestur Jótlandi nálægt Norðursjó og á ströndinni safnar hún ýmsum hlutum til að nota í málverk sín, bæði náttúrulegum og manngerðum.

Skeljar, perlur og raf en líka slípuð glerbrot, plastagnir og annað rusl sem velkst hefur í sjónum um langa hríð, rata í poka listakonunnar og verða að efniviði í listaverk hennar. Í huga Sóleyjar hverfist söfnun og sköpun um arfleið og hvernig við getum hlúið að hlutum og stöðum sem við tengjumst persónulegum böndum um ævina.

Sóley vinnur málverk sín ekki á striga heldur servíettur en þær mynda hugmyndalegan grunn sýningarinnar. Hér má sjá hluta af servíettusafni mömmu og ömmu listakonunnar, sem safnað var á Íslandi og í Danmörku frá miðri síðustu öld. Það sýnir efnislegar leifar kvennamenningar fyrri tíma og servíetturnar geyma minningar um samveru, alúð og væntumþykju.

Í höndum Sóleyjar verða þessir hógværu hlutir, sem líkt og ruslið á ströndinni er einkennandi fyrir einnota menningu nútímasamfélagsins, að listaverkum sem geyma veröld þar sem má finna bæði femíníska og vistfræðilega fleti. Sýningin í heild er tímanlegt ákall um að staldra við í samtímanum, horfa niður í sandinn og gleyma sér í smáatriðunum og skrautinu.

Hjartadrottning er fyrsta einkasýning Sóleyjar Ragnarsdóttur á Íslandi. Sýningin er samstarfsverkefni Gerðarsafns og Augustiana Kunstpark & Kunsthal í Danmörku, þar sem hún opnar síðar á árinu.

Sýningarstjóri er Heiðar Kári Rannversson.

EN

Queen of Hearts

Sóley Ragnarsdóttir

13.04.-21.07.2024

If it is a human thing to do to put something you want, because it's useful, edible, or beautiful, into a bag, or a basket, or a bit of rolled bark or leaf, or a net woven of your own hair, or what have you, and then take it home with you, home being another, larger kind of pouch or bag, a container for people, and then later on you take it out and eat it or share it or store it up for winter in a solider container or put it in the medicine bundle or the shrine or the museum, the holy place, the area that contains what is sacred, and then next day you probably do much the same again-if to do that is human, if that's what it takes, then I am a human being after all. Fully, freely, gladly, for the first time.

Ursula K. Le Guin, "The Carrier Bag Theory of Fiction" (1986)

The exhibition Queen of Hearts presents the hyper-decorative world of Danish-Icelandic artist Sóley Ragnarsdóttir (b. 1991). She lives and works in northwestern Denmark, close to the North Sea, and on the beach, she collects various objects to use in her works, both natural and man-made.

Shells, pearls, and amber, but also polished shards of glass, plastic pellets and other rubbish that has been floating in the sea for a long time, find their way into the artist's bag and become material for her artworks. In Ragnarsdóttir's mind, collecting and creating is a matter of inheritance and how we can care for things and places with which we form personal bonds throughout our lives.

Ragnarsdóttir does not paint on canvas, but on napkins and they also form the conceptual framework of the exhibition. Here one can see part of the napkin collection of the artist's mother and grandmother, collected in both Iceland and in Denmark since the middle of the last century. It shows material remains of female culture of the past and the napkins hold memories of togetherness, care, and affection.

In the hands of Ragnarsdóttir, these modest objects, which like the trash on the beach are characteristic of the disposable culture of modern society, become artwork that hold worlds, where one can find both feminist and ecological layers. The exhibition is a timely call to stop in the present and look down into sand – and forget oneself in the details and decorations.

Queen of Hearts is Sóley Ragnarsdóttir's first solo presentation in Iceland. The exhibition is a collaboration between Gerðarsafn – Kópavogur Art Museum and Augustiana in Denmark, where it will open later this year.

Curated by Heiðar Kári Rannversson.